

ákveða, að fullnustu refsingar skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Dæma ber ákærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Jóns Oddsonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda síns, krónur 12.000.

#### D ó m s o r ð:

Ákærður, Ólafur Sigurgeir Hólm Guðbjartsson, skal sæta fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingar hans frestað og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt ákvæði 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda síns, krónur 12.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 6. febrúar 1986.

Nr. 239/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Benedikt Jónssyni Sverrissyni**

(Sigurður Georgsson hdl.)

Skjalafals. Þjófnaður. Hylming. Tilraun.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða 14. ágúst 1985. Af hálfu ákærvalds er málinu jafnframt áfrýjað refsingu ákærða til þyngingar. Fyrir Hæstarétti var af ákærvalds hálfu fallið frá

þeirri kröfu að ákærði yrði sakfelldur fyrir brot á 244. gr. laga nr. 19/1940 vegna áfengisþjófnaðar, sem honum er gefinn að sök í 2. tl. V. kafla ákæru, en þess krafist að hann yrði þess í stað dæmdur fyrir brot á 254. gr., sbr. 244. gr., sömu laga vegna neyslu hins þjófstolna áfengis.

Málið var í héraði höfðað gegn fimm mönnum, auk ákærða. Er hérðasdómi ekki áfrýjað að því er þá varðar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 18. desember 1985.

Þess hefur ekki verið óskað af aðiljum að skaðabótkröfur þær sem dæmdar voru að efni til í héraði verði teknar til meðferðar fyrir Hæstarétti. Koma þær því ekki sérstaklega til álita, sbr. 1. mgr. 147. greinar laga nr. 74/1974.

Í ákæru hefur misritast gjalddagi eins þeirra 7 víxla sem þar eru greindir í 4. tl. V. kafla. Er gjalddaginn þar sagður hafa verið 7.1. 1985 en rétt er 17.01. 1985. Enn er það að ætla mætti af tilvísun VIII. kafla ákæru til næsta ákærukafila á undan að tékki á eyðublaði frá Landsbankanum á Selfossi nr. 2876307 hafi verið dags. 18. apríl 1984 en eigi 14. dag þess mánaðar svo sem rétt er. Samkvæmt 3. mgr. 118. greinar laga nr. 74/1974 girðir sú ónákvæmni í ákæruskjali, sem að framan er greind, þó ekki fyrir að dæmt verði áfall á hendur ákærða fyrir þessi ákæruefni, enda gat honum ekki dulist hver ákæruefnin voru er hann viðurkenndi sakargiftir í saka-dómi Ísafjarðarsýslu 26. mars 1985.

Gegn neitun ákærða er ósannað að hann hafi átt hlut að þjófnaði á því áfengi sem 2. tl. V. kafla ákæru tekur til. Hann hefur hins vegar játað að hann hafi neytt af því áfengi vitandi að það var stolið. Hefur hann með því brotið gegn 254. gr., sbr. 244. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber því að ákveða honum refsingu fyrir þann verknað samkvæmt hinu fyrrnefnda ákvæði en fullnægt er skilyrðum niðurlagsákvæðis 3. mgr. 118. greinar laga nr. 74/1974.

Með þessari breytingu en með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti þykir mega staðfesta ákvæði hans um sakfellingu ákærða.

Brot þau sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu voru framin áður en hann var dæmdur til refsingar með dómum sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1985 og 12. júní 1985. Refsing hans nú verður

ákveðin samkvæmt ákvæðum 60. gr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga og verða refsingar samkvæmt skilorðsdómum þessum teknar með við ákvörðun refsingar. Verður refsing ákærða ákveðin fangelsi 10 mánuði, en frá þeirri refsingu ber að draga með fullri dagatölu þann tíma er hann sætti gæsluvarðhaldi 16. maí til 13. júní 1984.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóðs 15.000,00 krónur og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti 15.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Benedikt Jónsson Sverrissón, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um frádrátt gæsluvarðhalds-  
vistar ákærða frá refsingu svo og ákvæði dómsins um sakar-  
kostnað að því er ákærða varðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, 15.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júlí 1985.

Ár 1985, föstudaginn 5. júlí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 394—399/1985: Ákærvaldið gegn J, L, E, A, Benedikt Jónssyni Sverrissyni og G sem tekið var til dóms 3. þ.m., eftir að skilað hafði verið málsvörn fyrir þrjú hinna ákærðu.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. febrúar 1985, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur J, L, E, A, Benedikt Jónssyni Sverrissyni Cummings, heimilislausum, fæddum 14. desember 1959 í Reykjavík og G, fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, árið 1984, nema annars sé getið, eins og rakið er:

— — —

V. Á hendur ákærðu Benedikt Jóni og J með því að hafa:

1) Aðfaranótt föstudagsins 27. apríl í félagi við Pétur Kristinsson, fæddan 12. janúar 1968, brotist inn í Álftamýrarskóla í Reykjavík, brotið upp dyr og stolið tveimur símtækjum, sambyggðu útvarps- og segulbands-tæki og verðlaunabíkar.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

2) Aðfaranótt föstudagsins 27. apríl í félagi við Pétur, sem fyrr er nefndur, stolið 17 áfengisflöskum úr bækistöð Skrúðgarða Reykjavíkur við Flókagötu.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

3) Aðfaranótt mánudagsins 9. apríl brotist inn í Baldurshaga, húsnæði Laugardalsvallar í Reykjavík og stolið reiknivél, úlpu, tveimur kössum af filmum, einhverju af öli og gosdrykk og bréfavog.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4) Staðið saman að því að falsa nafn Eysteins Þórðarsonar sem útgefanda á 7 víxla alla útgefna 25. apríl 1984, hvern að fjárhæð kr. 20.000,00 pr. 3.6., 1.7., 4.9., 15.11. og 3.12. 1984, 7.1. og 4.2. 1985, og alla samþykktu af Lúðvík Hjarðar og afhenda þá Birni Geir Jóhannssyni, fæddum 29. janúar 1964, til nota í viðskiptum, en nefndur Björn keypti með þeim bifreið af Einari Harðarsyni, Efstalandi 2 í Reykjavík, hinn 30. apríl 1984.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

5) Stolið, aðfaranótt sunnudagsins 8. apríl, seðlaveski með tékkhefti, skilríkjum og allt að 200,00 krónum í peningum af Ragnari Sverrissyni, fæddum 21. nóvember 1961, er þeir voru staddir í veitingahúsinu Safari við Skúlagötu í Reykjavík (sbr. rlr. 1131/84, skj. 1,1-2, 25).

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

VII. Á hendur ákærðu Benedikt Jóni og G með því að hafa, í félagi falsað tékka á eyðublað frá Landsbankanum á Selfossi nr. 2876314, útgefinn 18.4. 1984 til handhafa á reikn. nr. 51698, kr. 6.240,00, með nafni Ragnars Sverrisonar og með framsali ákærða Benedikts Jóns og selt í versluninni Þúsund og einni nótt, Laugavegi 69, Reykjavík (sbr. rlr. 1131/84, skj. 46,1).

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

IX. Á hendur ákærðu L, G og Benedikt Jóni með því að falsa tékka á eyðublað frá Landsbankanum á Selfossi nr. 2876309, útgefinn 14.4. 1984 til handhafa á reikn. nr. 51698, kr. 2.000,00, með nafni Gunnars Gunnarssonar og fölsuðu framsali Ragnars Sverrisonar og selja í versluninni

Teningnum, Snorrabraut 38, Reykjavík. (sbr. rlr. 1131/84, skj. 40,1).

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

X. Á hendur ákærðu G, L, J og Benedikt Jóni með því að falsa tvo tékka á eyðublöð frá Landsbankanum, Selfossi, báða með nafni Ragnars Sverrissonar, til handhafa í reikn. nr. 51688 og selja í Reykjavík eins og rakið er. (sbr. rlr. 1131/84, skj. 49,1 og 54,1):

Nr. 2876308, kr. 1.530,00, útgefinn 14.4. 1984, seldur í veitingahúsinu Pítunni, Bergþórugötu 21.

Nr. 2876317, kr. 2.596,00, útgefinn 18.4. 1984 með fölsuðu framsali Ragnars Sverrissonar, seldur í söluturninum Ciro, Bergstaðastræti 54.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XI. Á hendur ákærðu Benedikt Jóni, L og J með því að hafa:

1) Aðfaranótt miðvikudagsins 11. apríl í félagi við Jón Hinrik Hjartarson, fæddan 18. desember 1968, brotist inn í Hólabrekkuskóla við Austurberg í Reykjavík, brotið upp dyr þar inni og leitað að verðmætum til þess að stela.

Telst þetta varða vð 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

2) Þessa sömu nótt, brotist inn í Vesturbæjarskólann við Öldugötu í Reykjavík, brotið upp dyr þar inni og stolið peningakassa með allt að 2.000,00 krónum og dálitlu af matvælum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

— — —

Samkvæmt sakavottorði ákærða Benedikts Jónssonar Sverrissonar hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1978 26/9 í Dalasýslu: Sátt, 3.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

1980 22/4 í Dalasýslu: Sátt, 20.000 kr. sekt f. brot g. 244. gr. hgl., sbr. 1. mgr. 256. gr. s.l., 3. mgr. 16. gr. áfl. og 1. mgr. 27. gr. umfl.

1981 3/11 í Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 2.400 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rg. 390, 1974, sbr. 77. gr. hgl.

1983 10/8 á Ísafirði: Sátt, 6.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 3.5. 1983.

1985 5/6 í Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi skb. 3 ár f. brot g. 254. gr. hgl.

1985 12/6 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi skb. 3 ár f. brot g. 1. mgr. 155. gr. hgl.

— — —

Málavextir:

Ákæra, dagsett 21. febrúar 1985.

V. kafli ákæru.

Ákærðu, J og Benedikt Jónsson Sverrisson, hafa báðir viðurkennt hjá RLR og síðar fyrir dómi að hafa framið eftirtalin brot í Reykjavík á árinu 1984:

1) Aðfaranótt föstudagsins 27. apríl, í félagi við Pétur Kristinsson, brotist inn í Álftamýrarskóla í Reykjavík, brotið upp dyr og stolið tveimur símtækjum, sambyggðu útvarps- og segulbandstæki og verðlaunabikar.

Verknaður ákærðu telst með viðurkenningu þeirra og stoð í sakargögnum sannaður og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

2) Aðfaranótt föstudagsins 27. apríl, í félagi við sama pilt, stolið 17 áfengisflöskum úr bækistöð Skrúðgarða Reykjavíkur við Flókagötu. Ákærðu hafa báðir borið að ákærði Benedikt hafi einungis tekið þátt í að drekka áfengið, en ekki brotist inn og stolið því.

Með viðurkenningu ákærðu teljast verknaðir þeirra sannaðir og varðar hjá ákærða J (sic) við 244. gr. almennra hegningarlaga, en hjá ákærða Benedikt (sic) við sömu lagagrein, sbr. 22. gr. sömu laga.

3) Aðfaranótt mánudagsins 9. apríl brotist inn í Baldurshaga, húsnæði Laugardalsvallar í Reykjavík og stolið reiknivél, úlpu, tveimur kössum af filmum, einhverju af öli og gosdrykk og bréfavog.

Með viðurkenningu ákærðu beggja og stoð í sakargögnum telst verknaður sannaður og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4) Staðið saman að því að falska nafn Eysteins Þórðarsonar sem útgefanda á 7 víxla alla útgefna 25. apríl 1984, hvern að fjárhæð kr. 20.000,00, pr. 3.6., 1.7., 4.9., 15.11. og 3.12. 1984, 7.1. og 4.2. 1985, og alla samþykktu af L og afhenda þá Birni Geir Jóhannssyni, fæddum 29. janúar 1964 til nota í viðskiptum, en nefndur Björn keypti með þeim bifreið af Einari Harðarsyni, Efstalandi 2 í Reykjavík, þann 30. apríl 1984.

Með viðurkenningu ákærðu beggja og stoð í sakargögnum telst verknaður þeirra sannaður og varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

5) Aðfaranótt sunnudagsins 8. apríl, stolið seðlaveski með tékkhefti, skilríkjum og allt að 200,00 krónum í peningum af Ragnari Sverrissyni, er þeir voru staddir í veitingahúsinu Safari við Skúlagötu í Reykjavík.

Með viðurkenningu ákærðu beggja og stoð í sakargögnum telst verknaður þeirra sannaður og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

## VII. kafli ákæru.

Ákærðu Benedikt Jónsson Sverrisson og G hafa báðir viðurkennt hjá RLR og fyrir dómi að hafa í félagi falsað tékka á eyðublað frá Landsbankanum á Selfossi nr. 2876314, útgefinn 18.4. 1984 til handhafa á reikning nr. 51698, að fjárhæð kr. 6.240,00, með nafni Ragnars Sverrissonar sem útgefanda og selt í versluninni Þúsund og einni nótt, Laugavegi 69, Reykjavík. Ákærði G ritaði allt á framhlið tékkans en ákærði Benedikt eigið framsal.

Með viðurkenningu ákærðu beggja og stoð í sakargögnum telst verknaður þeirra sannaður og varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu hafa báðir samþykkt skaðabótakröfu frá versluninni Þúsund og ein nótt, að fjárhæð kr. 6.240,00 og verða dæmdir til að greiða hana.

— — —

## IX. kafli ákæru.

Ákærðu L, Benedikt Jónsson Sverrisson og G hafa allir viðurkennt að hafa falsað tékka á eyðublað frá Landsbankanum á Selfossi nr. 2876309, útgefinn 14.4. 1984 til handhafa, á reikning nr. 51698, að fjárhæð kr. 2.000,00, með nafni Gunnars Gunnarssonar og fölsuðu framsali Ragnars Sverrissonar og selja í versluninni Teningnum, Snorrabraut 38, Reykjavík. Ákærði L ritaði allt á framhlið tékkans en ákærði G framsalið en allir tóku þeir jafnan þátt í sölu hans.

Með viðurkenningu ákærðu og stoð í sakargögnum telst verknaður þeirra sannaður og varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu hafa allir samþykkt bótakröfu frá versluninni Teningurinn, að fjárhæð kr. 2.000,00 auk dómvaxta frá 16.4. 1984 til greiðsludags og verða dæmdir til að greiða eftir því.

## X. kafla ákæru.

Ákærðu J, L, Benedikt og G hafa allir viðurkennt hjá RLR og fyrir dómi að hafa falsað tvo tékka á eyðublað frá Landsbankanum, Selfossi, báða með nafni Ragnars Sverrissonar, til handhafa á reikning nr. 51688 og selt í Reykjavík.

Ákærði G ritaði allt á tékkana en ákærðu stóðu að öðru leyti alfarið saman að fölsuninni. Tékkarnir eru:

Nr. 2876308, kr. 1.530,00, útgefinn 14.4. 1984, seldur í veitingastofunni Pítunni, Bergþórugötu 21.

Nr. 2876317, kr. 2.596,00, útgefinn 18.4. 1984 með fölsuðu framsali Ragnars Sverrissonar, seldur í söluturninum Ciro, Bergstaðastræti 54.

Verknaður ákærðu allra telst sannaður með viðurkenningu þeirra og stoð

í sakargögnum og varðar hjá þeim öllum við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu eru allir samþykkir bótakröfu frá Pítunni veitingastofu að Bergþórugötu 21, að fjárhæð kr. 1.530,00. Ennfremur frá söluturninum Ciro, Bergstaðastræti 54, að fjárhæð kr. 2.596,00 auk dráttarvaxta frá 24.4. 1984 til greiðsludags. Verða þeir dæmdir til að greiða samkvæmt því.

#### XI. kafli ákæru.

Ákærðu J, L og Benedikt hafa allir hjá RLR og fyrir dómi viðurkennt eftirtalin brot, þ.e. að hafa:

1) Aðfaranótt miðvikudagsins 11. apríl, í félagi við Jón Hinrik Hjartarson, brotist inn í Hólabrekkuskóla við Austurberg í Reykjavík, brotið upp dyr þar inni og leitað að verðmætum í þjófnaðarskyni.

Með viðurkenningu ákærðu allra og stoð í öðrum sakargögnum telst verknaður þeirra sannaður og varðar hann við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

2) Sömu nótt, brotist inn í Vesturbæjarskólann við Öldugötu í Reykjavík, brotið upp dyr þar inni og stolið peningakassa með allt að 2.000,00 krónum og dálitlu af matvælum.

Á sama hátt með viðurkenningu og stoð í sakargögnum telst verknaður sannaður og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

#### Ákvörðun refsingar o.fl.

Ákærði Benedikt Jónsson Sverrisson var þann 12. júní 1985 dæmdur í 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár og viku fyrr eða 5. júní sl. dæmdur í 30 daga fangelsi einnig skilorðsbundið í 3 ár. Fyrra dóms var ekki getið í síðari dómi. Refsing hans nú þykir með stoð í 60. gr. og með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfileg 8 mánaða fangelsi. Eru þá refsingar samkvæmt báðum fyrrnefndum skilorðsdómum teknar með. Frá refsingu dregst gæsluvarðhald dagana 16. maí 1984 til 13. júní 1984.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði J sæti 6 mánaða fangelsi. Frá refsingu hans skal draga gæsluvarðhald dagana 17. maí til 8. júní 1984.

Ákærði L sæti 14 mánaða fangelsi. Frá refsingu hans skal draga gæsluvarðhald dagana 11. til 23. maí 1984.

Ákærða E sæti 4 mánaða fangelsi. Frá refsingu hennar skal draga gæsluvarðhald dagana 26. apríl til 9. maí 1984.

Ákærði A sæti 6 mánaða fangelsi.

Ákærði Benedikt Jónsson Sverrisson sæti 8 mánaða fangelsi. Frá refsingu hans skal draga gæsluvarðhald dagana 16. maí til 13. júní 1984.

Ákærði G sæti 6 mánaða fangelsi.

Ákærði L greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., kr. 10.000,00 í réttar- og málsvarnarlaun.

Ákærða E greiði skipuðum verjanda sínum, dr. Gunnlaugi Þórðarsyni hrl., kr. 6.000,00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Benedikt Jónsson Sverrisson greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hdl., kr. 6.000,00 í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði annan sakarkostnað óskipt.

Mánudaginn 10. febrúar 1986.

Nr. 214/1985. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Sigurði Markúsi Sigurðssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skjalafals. Fjársvik. Þjófnaður. Ákæra.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. júní 1985 að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Meðákærðu í héraði vildu hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 5. desember 1985.